

Ed.

501. Frumvarp til laga

[187. mál]

um lífeyrissjóð togarasjómannanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til þess að tryggja togarasjómönnum, ekkjum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum. Sjóðurinn nefnist lífeyrissjóður togarasjómannanna. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til sem stofnfé hálfa milljón króna árið 1958 og hálfa milljón króna árið 1959.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenska togara.

4. gr.

Réttindi þau, er togarasjómenn öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta samkvæmt lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, sbr. 22. gr. þeirra laga.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, en hinn þriðji af Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, skuldbréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum tryggilegum hætti.

Við lánveitingar til íbúðabygginga skulu sjóðfélagar sitja fyrir. Lán úr sjóðnum skulu í engu skerða rétt sjóðfélaga til veðlána samkvæmt lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl.

Fé sjóðsins, sem ekki er ráðstafað í föstum lánnum eða verðbréfum, skal ávaxtað eftir því, sem við verður komið, í tryggum lánsstofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

9. gr.

Sjóðfélagar greiði 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 35 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

10. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

11. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:	Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár	10.0 %	23 ár	29.5 %
11 —	11.5 —	24 —	31.0 —
12 —	13.0 —	25 —	32.5 —
13 —	14.5 —	26 —	34.0 —
14 —	16.0 —	27 —	35.5 —
15 —	17.5 —	28 —	37.0 —
16 —	19.0 —	29 —	38.5 —
17 —	20.5 —	30 —	40.0 —
18 —	22.0 —	31 —	42.0 —
19 —	23.5 —	32 —	44.0 —
20 —	25.0 —	33 —	46.0 —
21 —	26.5 —	34 —	48.0 —
22 —	28.0 —	35 —	50.0 —

Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem togarasjómaður 9 mánuði eða meira á sama almanaksári.

Upphæð ellilífeyris má aldrei nema meiru en 75% af meðallaunum togarasjómannna á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi á togara eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir metur örorkuna meiri en 35%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförunu.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs þess, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazzt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 11. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar sem örorka hans er metin. Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda verði aukning örorkunnar ekki rakin til annarra starfa en á togara.

13. gr.

Nú andast sjóðfélagi, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða með vöxtum til eftirlifandi maka hans iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaunum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 0.6% af meðalárslaunum, unz hámarkinu 35% af meðalárslaunum er náð, eftir 35 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af meðaltekjum manna í sömu starfsgrein á hverjum tíma.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort hinn eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

14. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 3% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarendi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1½% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi á togara, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málgreinar að framan óbreyttar að öðru leyti en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem herra var launað, ef það meðaltal er herra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

15. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 50% af meðalmeðlagi því, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar, sem börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

16. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lífanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 10 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir til eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkvæmt 11. og 13. gr. Lífeyrir barna hans skal ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazzt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazzt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Aldrei getur sjóðfélagi fengið endurgreidd iðgjöld sín samkvæmt þessari grein, fyrr en níu mánuðir eru liðnir frá því hann var síðast afskráður af togara, nema hann eigi lögheimili erlendis.

17. gr.

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði togarasjómana, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazzt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðu-

neytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris og ákveðnar eru í lögum þessum.

18. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er ráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

19. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Skipverji á togara, sem við gildistöku þessara laga er orðinn eldri en 55 ára, skal við 65 ára aldur eiga rétt til lífeyris og annarra bóta og réttinda, eins og sá, sem greitt hefur til sjóðsins í 10 ár og náð hefur 65 ára aldri. Haldi hann áfram á togara, eftir að hafa náð þeim aldri, fær hann aukin réttindi samkvæmt ákvæðum laganna.

Sá, sem við gildistöku laganna er orðinn 65 ára, er enn á togara og hefur verið það minnst 10 ár, skal strax fá réttindi þannig, að sá, sem er 65 ára, fær sömu réttindi og sá, sem greitt hefur til sjóðsins í 10 ár, 66 ára eins og sá, sem greitt hefur í 11 ár, 67 ára í 12 ár o. s. frv. Haldi hann áfram á togara, skal hann fá aukin réttindi, eins og að framan greinir. Starfsár á togara telst í þessu tilfelli það sama og ákveðið er í 11. gr. laganna.

Ríkissjóður endurgreiði sjóðnum árlega þann kostnað, sem af þessu bráðabirgðaákvæði leiðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dagsettu 10. maí 1957, skipaði sjávarútvegsmálaráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til laga um lífeyrissjóð togarasjómannna. Í nefndinni áttu sæti Ólafur Jóhannesson, prófessor, sem var skipaður formaður nefndarinnar, Eyjólfur Jónsson, lögræðingur, sem var kjörinn ritari hennar, Guðmundur J. Guðmundsson, fjármálaritari Dagsbrúnar, Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri, og Tryggvi Helgason, sjómaður. Hefur nefndin samið frumvarp þetta. Þó hefur ríkisstjórnin gert á frumvarpi því, sem frá nefndinni kom, eftirfarandi breytingar:

1. Í frumvarpi nefndarinnar var gert ráð fyrir 6 millj. kr. stofnframlagi úr ríkissjóði, er greiðast skyldi á þremur árum. Í stað þess er ákveðið í 2. mgr. 1. gr., að stofnframlag skuli vera ein millj. kr., er greiðist á árunum 1958 og 1959.
2. Í frumvarpi nefndarinnar var gert ráð fyrir, að réttindi sjóðfélaga til ellilífeyris miðuðust við 60 ára aldur, sbr. 11., 12. og 16. gr. Þessu hefur verið breytt í 65 ára aldur. Í samræmi við þá breytingu var iðgjald lækkað úr 11% í 10% og ákveðið, að launagreiðandi skyldi greiða af því 6%, en sjómaður 4%, sbr. 3. mgr. 9. gr.
3. Á bráðabirgðaákvæði frumvarpsins voru gerðar þær breytingar, að miðað er við 65 og 55 ár í stað 60 og 50 ár.

Með frumvarpi nefndarinnar fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Hér á landi hafa verið stofnaðir allmargir lífeyrissjóðir fyrir einstakar starfsstéttir. Byggjast nokkrir þeirra á lögum, en aðrir á samningum á milli atvinnurek-

enda og launþega. Hingað til hafa sérstakir lífeyrissjóðir yfirleitt aðeins verið lögboðnir vegna starfsmanna í opinberri þjónustu og þá fyrst og fremst vegna starfsmanna ríkisins. Sérstakir lífeyrissjóðir annarra starfsstétta hafa til þessa byggzt á frjálsum samningum. Með því að lögþjóða lífeyrissjóð fyrir togarasjómenn og leggja á þá tryggingarskyldu er því í rauninni lagt inn á nýja braut í þessum efnum.

Hinir sérstöku lögboðnu lífeyrissjóðir eru: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, Lífeyrissjóður alþingismanna og Lífeyrissjóður ljósmæðra. Skipulag allra þessara sjóða er svipað í meginatriðum, einkanlega hinna þriggja fyrstnefndu. Um Lífeyrissjóð alþingismanna og Lífeyrissjóð ljósmæðra gætir hins vegar nokkurra sérreglna.

Í öllum þessum sjóðum eru iðgjöld greidd að nokkru af sjóðfélögum og að nokkru af launagreiðendum. Í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara og Lífeyrissjóði alþingismanna greiða sjóðfélagar 4%, en launagreiðandi 6% af launum viðkomandi starfsmanns; í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna greiða sjóðfélagi og launagreiðandi hvor um sig 4% af launaupphæð í sjóðinn, en í Lífeyrissjóð ljósmæðra greiðir ljósmóðir 4% af launum, en ríkissjóður greiðir í sjóðinn fast árlegt fjárframlag. Í hinum elztu sérstöku lífeyrissjóðum stóðu sjóðfélagar fyrst einir undir iðgjöldum, greiddu 7% af launum sínum í sjóðina, sbr. l. 51/1921, um Lífeyrissjóð embættismanna, og l. 33/1921, um Lífeyrissjóð barnakennara. Þessu var breytt í núverandi horf 1943, m. a. til samræmis við reglur lífeyrissjóða starfsmanna einkafyrirtækja, sem stofnað hafði verið til með samningum. Lífeyrissjóður ljósmæðra naut þó frá öndverðu nokkurs árlegs fjártillags frá ríkinu, sbr. l. 86/1938.

Réttur til lífeyris er hvarvetna bundinn við 10 ára starfstíma, nema að því er varðar ljósmæður, þar er hann bundinn við 15 ára starfstíma. Lífeyrisréttur alþingismanna er bundinn við 10 ára þingsetu eða 3 kjörtímabil. Endurgreiðsla er almennt heimiluð á iðgjöldum, sem sjóðfélagi sjálfur hefur greitt, ef hann lætur af starfi án þess að eiga rétt á lífeyri.

Réttindi þau, sem sjóðirnir veita, eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir. Upphæð ellilífeyris er ákveðinn hundradshluti af meðallaunum hlutaðeiganda síðustu 10 starfsár hans (síðustu 5 árin, ef ljósmæður eiga í hlut), er fer hækkandi eftir því sem starfstíminn verður lengri allt upp í 60% af launum eftir 30 ára starfstíma (25 ára starfstíma hjúkrunarkonur og ljósmæður). Um ákvörðun á upphæð lífeyris alþingismanna gilda þó sérreglur, sbr. 8. gr. l. 84/1953. Réttur til ellilífeyris er bundinn við 65 ára aldur, þegar um ríkisstarfsmann, alþingismann og barnakennara er að ræða, en við 60 ára aldur, þegar hjúkrunarkonur og ljósmæður eiga í hlut.

Ríkissjóður hefur tekið á sig ábyrgð á öllum þessum sjóðum, þ. e. ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögnum, og hefur auk þess lagt til sumra þeirra lítillfjórlegt stofnfé.

Reglur lífeyrissjóða, sem byggjast á frjálsum samningum, eru yfirleitt svipaðar lögum framangreindra lífeyrissjóða, einkanlega lögnum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Það er eðlilegt, að lífeyrissjóður fyrir togarasjómenn veiti í meginatriðum svipuð réttindi eins og sjóðfélagar njóta í öðrum lífeyrissjóðum. Er á því byggt í þessu frumvarpi. Þó er gert ráð fyrir því, að togarasjómenn haldi öllum hlunnindum samkvæmt lögum um almannatryggingar, enda gjaldi þeir til almannastrygginga sem áður. Upphæð lífeyris er því ákveðin þeim mun lægri hér. En með lífeyri samkvæmt frumvarpi þessu, ef að lögum verður, og bótum eftir almannastryggingalögum, ætti lífeyrir togarasjómanna fyllilega að samsvara lífeyri opinberra starfsmanna.

Ákvörðun iðgjalda vegna lífeyrstryggingar togarasjómanna er miklum vandkvæðum bundin, m. a. vegna þess hve starfstími margra skipverja er breytilegur.

Nefndin reyndi að afla upplýsinga um það efni með skýrslusöfnun meðal togarasjómannanna, en því miður gekk sú skýrslusöfnun erfiðlega, þar sem aðeins um 230 skipverjar svöruðu fyrirspurnum nefndarinnar, en togarasjómenn munu nú vera um 1200. Þrátt fyrir allar öryggisráðstafanir og bættan aðbúnað togarasjómannanna, er óefað mun meiri hætta á slysum hjá togarasjómönnum en meðal opinberra starfsmanna eða annarra þeirra launþega, sem hingað til hafa notið sérstakrar lífeyris-tryggingar.

Tryggingafræðingur hefur verið fenginn til að reikna út, hvað lífeyristrygging togarasjómannanna mundi kosta. Fylgir álitserð hans hér með sem forskj. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að ef ellilífeyri eigi að miða við 60 ára aldur, 30 ára iðgjaldagreiðslutíma og 4% vexti, þurfi iðgjöld að vera 12½%, ef sjóðurinn á að veita svipuð réttindi og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, og ef lífeyrisgreiðslum er ætlað að breytast með kaupgjaldsvísitölu. Ef miðað er við 65 ára aldur og 35 ára iðgjaldagreiðslutíma, verða iðgjöld lægri, en þó telur hann, að ekki sé hyggilegt að ákveða iðgjald lægra en 11%, miðað við sömu bætur og hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Jafnframt bendir tryggingafræðingurinn þó á, að ef lögfest yrði, að lífeyrir úr sjóðnum skuli ekki skerða rétt sjóðfélaga til lífeyris almennatrygginga, mundi lækkun á bótum úr sjóðnum, og þar með á iðgjöldum til hans, geta átt sér stað. Með hliðsjón af því, að sú leið hefur verið valin, svo sem að framan greinir, hefur þótt fært að ákveða iðgjöld til að byrja með 11%, enda þótt miðað sé við 60 ára aldur.

Þegar lítið er til þeirrar reglu um skiptingu á iðgjaldagreiðslu á milli sjóðfélaga og launagreiðanda, sem nú tíðkast og gerð hefur verið grein fyrir, kemur vart annað til álita en að báðir aðilar, sjómenn og útgerðarmenn, taki þátt í greiðslu iðgjalda. Ofan á varð í nefndinni, að sjómenn skyldu greiða 4%, en útgerðarmenn 7% af launinum. Er ljóst, að með því er lögð kvöð á togarautgerðina, sem svarar til 7% kauphækkunar. Finnst vafalaust mörgum, að sízt sé þó á hana bætandi útgjöldum, eins og högum hennar nú er háttað. Og sjálfsagt eru skiptar skoðanir um, hversu heppilegt sé að lögbjóða slíka kvöð. En í öllum umræðum um sjóðsstofnun þessa hefur verið lögð áherzla á, að hún ætti að fela í sér verulega kjara-bót fyrir togarasjómenn, og ætti m. a. að stuðla að því, að ungir og dugandi menn sæktust eftir starfi á togurum. Er af öllu ljóst, að menn hafa ekki gert ráð fyrir, að togarasjómenn einir stæðu undir kostnaði við trygginguna, heldur kæmi sjóðnum framlag annars staðar frá með líkum hætti og í öðrum lífeyrissjóðum. Það framlag getur naumast komið annars staðar að en frá útgerðinni. Má og á það benda, að vafalaust hefur útgerðin og reyndar þjóðfélagið í heild óbeinan hag af stofnun þessa lífeyrissjóðs. Það er líklegt, að hún leiði til þess, að menn vinni meir að staðaldri á togurum en áður, en það er alkunnugt, að afköst eru miklu meiri hjá vönnum togarasjómönnum heldur en hjá óvönnum mönnum. Og líklegt er einnig, að lífeyrissjóðurinn geti leitt til þess, að færri útlendinga þurfi að ráða á togaraflotann en nú. Niðurstaðan hér hefur því orðið sú, er að framan greinir, enda er sennilegast, að sá háttur hefði verið hafður á, ef stofnað hefði verið til sjóðsins með samningum. Hitt er annað mál, að úr því að farið er að lögbjóða lífeyristryggingu fyrir starfsmenn einkafyrirtækja, þá hefðu sumir nefndarmanna kosið lífeyrisjóð á almennari grundvelli í stað þess að einskorða hann við togarasjómenn eina. En verksvið nefndarinnar var hér algerlega markað af skipunarbréfi hennar.

Lífeyrisrétturinn er eftir frumvarpi þessu bundinn við 10 ára starfstíma, svo sem venjulegast er, en sjóðfélagar eiga rétt á að fá endurgreidd iðgjöld sín eftir hliðstæðum reglum og í öðrum sjóðum. Hámarkslífeyri er náð eftir 35 ára iðgjaldagreiðslutíma. Er sá tími hafður svo langur bæði af því, að togarasjómenn byrja oft ungir, og eins af hinu, að með því móti getur iðgjaldið verið lægra, sbr. meðfylgjandi forskj.

Ekki hefur þótt fært að leggja á ríkissjóð ábyrgð á lífeyrisgreiðslum, þar sem einkafyrirtæki eiga í hlut.

Annars er frumvarp þetta í meginráttum sniðið eftir lögnum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Að öðru leyti vísast til eftirfarandi athugasemda um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Meiri hluti nefndarinnar taldi rétt, að ríkissjóður legði fram nokkurt stofnfé til sjóðsins. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenska togara, séu sjóðfélagar. Ekki er gert ráð fyrir lágmarksaldri til þátttöku í sjóðnum, enda mun það svo, að þeir menn, sem skipverjar gerast á togurum, séu að jafnaði taldir fullvinnandi menn, enda þótt þeir oft hefji sjómennsku áður en unglingsárunum er lokið. Virðist því hvorki rétt né sanngjarnt, að sjómenn séu fyrir æsku sakir útilokaðir frá því að vera sjóðfélagar.

Þá felst það í greininni, að sama er, hvert er ríkisfang þeirra, er á togurum starfa. Nú, þegar fjöldi erlendra manna starfar á íslenskum togurum, er sérstök ástæða til að vekja athygli á þessu. Um þetta er það að segja, að engin ástæða virðist til að undanþiggja útlendinga skyldu til að vera sjóðfélagar. Sú hefur orðið reyndin, að margir útlendingar, sem komið hafa til starfa hér á landi, hafa ílenzt hér, og verður eigi fram hjá því gengið, að svo geti orðið um ýmsa þá menn, sem hefja starf sitt hérlendis á togurum. Virðist því sjálfsagt, að þeir njóti í þessu til-liti sama réttar og Íslendingar, sem að framléiðslustörfum vinna um langt árabíl. Í þeim lögum, sem áður hafa verið sett um lífeyrissjóði, mun ríkisborgararéttur ekki skipta máli. Loks skal bent á, að þeir útlendingar, sem hætta störfum á togurum, áður en þeir hafa öðlzt rétt til lífeyris úr lífeyrissjóðnum, fá eins og aðrir sjóðfélagar endurgreidd iðgjöld þau, sem þeir hafa greitt í hann. Iðgjaldshluti launagreiðanda verður hins vegar áfram eign sjóðsins, og getur þátttaka útlendinga því orðið nokkur tekjuauki fyrir sjóðinn, og er upphæð iðgjaldagreiðslu til hans að nokkru við það miðuð.

Um 4. gr.

Hér er ákveðið, að sjóðfélagar njóti hlunninda samkvæmt lögum um almannatryggingar, og vísast til þess, er áður er sagt um það atriði.

Um 5. gr.

Um skipun stjórnar sjóðsins voru skiptar skoðanir í nefndinni. Tveir nefndarmanna (T. H. og G. J. G.) vildu, að formaður stjórnarinnar yrði tilnefndur af ráðherra þeim, sem fer með sjávarútvegsmál. Einn nefndarmanna (J. S.) vildi, að í stað Alþýðusambandsins tilnefndi Sjómannasamband Íslands einn stjórnarmanna. Meiri hluti nefndarinnar taldi hins vegar þá skipan, sem greinin gerir ráð fyrir, heppilegasta.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að Tryggingastofnun ríkisins annist reikningshald sjóðsins og daglega afgreiðslu hans. Gera má ráð fyrir, að þessir þættir í starfsemi sjóðsins verði allumfangsmiklir. Má þar tilgreina innheimtu iðgjalda. Og þótt úrskurðir bóta heyri beint undir stjórn sjóðsins, verður að gera ráð fyrir, að undirbúningsstarf fyrir þá sé æði mikið og vandasamt, enda er sú reynsla annarra lífeyrissjóða. Virðist því einsætt að fela þetta starf þeirri stofnun, sem um langt árabíl hefur haft með höndum hliðstæða þjónustu fyrir alla þá lífeyrissjóði, sem

til þessa hafa verið stofnaðir með lögum. Verður og að ætla, að með því að fella starf þetta inn í starfsemi stórrar stofnunar, sem um sams konar mál fjallar, verði kostnaður sjóðsins af því að ráði minni en verða mundi með því að setja upp sérstaka skrifstofu fyrir starfsemi hans.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar um ávöxtun sjóðsins eru að mestu hliðstæð þeim, sem gilda um ýmsa aðra lífeyrissjóði, sem stofnaðir hafa verið með lögum. Í greininni er þó sérstaklega gert ráð fyrir, að ef um lán til íbúðabygginga eða íbúðakaupa sé að ræða, sitji sjóðfélagar fyrir, þótt stjórn sjóðsins sé að sjálfsgöðu fengið vald til þess að ákveða, hver ávöxtunaraðferð er hagkvæmest sjóðnum á hverjum tíma.

Um 8. gr.

Grein þessi þarfnast tæpast skýringa. En rétt er að benda á, að lífeyristrygging á sjóðsmyndunargrundvelli þarf að byggjast upp fyrir langa framtíð. Verð- og kauplagsbreytingar hafa mikla þýðingu fyrir slíka sjóði. Er því nauðsynlegt að fylgjast með fjárhagsgrundvelli þeirra sem oftast. Hér er gert ráð fyrir því, sem mun almennast, að fjárhagsgrundvöllurinn skuli endurskoðast fimmta hvert ár. Slík endurskoðun er ekki á meðfæri annarra en sérmenntaðra tryggingafræðinga, og er stjórn sjóðsins því að nokkru bundin af tillögum tryggingafræðings um þessi efni, og er það í samræmi við fyrri lagasetningar um lífeyrissjóði.

Um 9. gr.

Um grein þessa, sem ekki þarfnast annarra skýringa, skal það tekið fram, að upphæð iðgjalda er byggð á útreikningum tryggingafræðings, og eru þau samkvæmt álitum hans lágmarksiðgjöld, þegar tekið er tillit til þeirra réttinda, sem sjóðnum er ætlað að veita. Er það álit hans, að iðgjöld til lífeyrissjóðs fyrir sjómenn þurfi að vera til muna hærrí en iðgjöld til lífeyrissjóða fastráðinna starfsmanna í landi. Hér er því gert ráð fyrir nokkru hærrí iðgjöldum en til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og ýmissa fleiri lífeyrissjóða. Iðgjöldin eru miðuð við, að samkv. 4. gr. skulu sjóðfélagar halda rétti sínum hjá almannatryggingum og lífeyrisupphæð þar af leiðandi ákveðin lægri úr sjóði þessum en algengast er hjá öðrum lífeyrissjóðum, en þó þannig, að hámarkslífeyrir sé ekki veittur nema sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld í 35 ár. Um þessi atriði hefur verið stuðzt við upplýsingar um starfstíma togarasjómanna, en eins og áður segir sendi nefndin í júlímánuði s. l. öllum félögum sjómanna á stöðum, þar sem togarar eiga heimahöfn, eyðublöð til útfyllingar fyrir starfandi togarasjómenn, þar sem spurzt var fyrir um aldur þeirra, hvenær þeir byrjuðu sjómennsku og hve lengi þeir hafa stundað það starf síðan á ýmsum tegundum skipa, þ. á m. togurum. Svör hafa nefndinni ekki borizt nema úr Reykjavík og Hafnarfirði, og voru þau þó ekki tæmandi og hafa því e. t. v. ekki gefið fullkomlega rétta hugmynd um þessi atriði, en hafa þó orðið til mikils stuðnings.

Um sérstöðu Tryggva Helgasonar vísast til athugasemda hans hér á eftir.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Samkvæmt greininni getur enginn fengið ellilífeyri úr sjóðnum, nema hann hafi greitt iðgjöld til hans í að minnsta kosti 10 ár og sé orðinn 60 ára að aldri. Tveir nefndarmanna (Ó. J. og E. J.) töldu þó rétt að binda rétt til ellilífeyris við 65 ára aldur, sérstaklega með tilliti til hinna rúmu ákvæða 12. gr. um örorkulífeyri, og hafa iðgjöldin lægri, en þau hefðu þá aðeins þurft að vera 10% í stað 11%.

Í greininni er ákveðið, að upphæð ellilífeyris skuli miðast við meðallaun sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans. Síðan er gerð grein fyrir, hvernig ellilífeyririnn hækkar með lengdum starfstíma.

Þar sem sjóðfélagar eru ekki fastlaunamenn, en sjómönnum hins vegar nauðsynlegt að taka sér hvíld frá störfum nokkurn tíma ár hvert, hefur þótt nauðsynlegt að ákveða, hvað teljast skuli heilt starfsár í þessu sambandi.

Loks er ákveðið, að ellilífeyrir megi aldrei vera hærri en 75% af meðallaunum á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af. Er ákvæði þetta hliðstætt því, er gildir um flesta aðra lífeyrissjóði.

Um 12. gr.

Í greininni er ákveðið, að sjóðfélagi, sem misst hefur 35% starfsorku sinnar eða meira, eigi rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum. Annars er greinin að öllu verulegu sniðin eftir hliðstæðri grein í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Upphæð örorkulífeyris miðast við starfstíma sjóðfélaga, á sama hátt og ellilífeyrir samkvæmt 11. gr. Annars þarfnast greinin tæpast skýringa.

Um 13. gr.

Grein þessi fjallar um rétt eftirlátins maka sjóðfélaga og er í aðalatriðum samhljóða tilsvarendi grein í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Afbrigði er þó hækkun makalífeyris eftir starfsaldri sjóðfélaga, sem leiðir af því, að í lögum þessum er gert ráð fyrir 35 ára starfstíma til þess að öðlast hámarkslífeyri. En þrátt fyrir það, að hámarksbætur samkvæmt lögum þessum séu, vegna bóta almannaþrygginga, lægri en algengast er í öðrum lífeyrissjóðum, hefur ekki þótt rétt að lækka lágmarksbætur til eftirlátins maka frá algengustu ákvæðum í lögum eða reglugerðum lífeyrissjóða. Þær eru hér ákveðnar 20% af meðalárslaunum hins látna sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, en afleiðingin af 35 ára greiðslutíma í stað 30 ára verður 0.6% hækkun fyrir hvert greiðsluár miðað við sömu meðallaun í stað 1%. Til álita gæti komið að ákveða lágmarkslífeyri til eftirlátins maka lægri eins og gert er um ellilífeyri. En á móti því mælir það, að greiðslur til ekkna frá almannaþryggingum geta verið til muna lægri en ellilífeyrir og í öðru lagi það, að gera má ráð fyrir, að ekkjur þeirra togarasjómanna, sem eiga að baki sér tiltölulega skamman starfstíma, hafi fyrir börnum á ómagaaldri að sjá og eigi því erfitt með að taka að stunda vinnu utan heimilis.

Að öðru leyti þarfnast greinin naumast skýringa.

Um 14. gr.

Grein þessi er í aðalatriðum samhljóða ákvæðum í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og þarfnast ekki skýringa, en hækkun lífeyris vegna frestunar lífeyristöku er hér þó ákveðin nokkru meiri en þar er gert.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um lífeyrisrétt barna, kjörbarna og fósturbarna sjóðfélaga. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Samhljóða ákvæði hafa áður verið tekin í lög um lífeyrissjóði, og verður að teljast sanngjarn, að sama gildi um lífeyrissjóð togarasjómanna. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Sams konar ákvæði er nú í lögum um aðra lögboðna lífeyrissjóði, og virðist því sjálfsgagt hér.

Um bráðabirgðaákvæði.

Tillaga um bráðabirgðaákvæði þetta var flutt af einum nefndarmanna, Jóni Sigurðssyni, og samþykkt í nefndinni með 3 samhljóða atkvæðum. Gerði Jón svofellda grein fyrir tillögunni:

Eins og skýrslur sýna, er nefndin safnaði um aldur og starfsaldur manna á togurum, eru nokkrir menn enn þá á togurum á aldrinum 51—70 ára, og eiga þeir flestallir að baki langan starfsaldur á togurum, jafnvel allt að 45 ár eða vel það.

Búast má við, að margir af þessum mönnum fari nú að hætta á sjó, eftir langa og oft stranga starfsævi, í það minnsta þeir elztu, og væri hróplegt ranglæti gagnvart þeim, ef þeir fengju enga viðurkenningu fyrir sín miklu störf á togurum, um leið og lög um lífeyrissjóð togarasjómanna eru sett.

Með bráðabirgðaákvæði þessu er ætlað að koma í veg fyrir, að nokkur maður, sem á togara er, þegar lögin taka gildi, verði settur hjá um möguleika til þess að fá réttindi til lífeyris, en svo sannarlega væru elztu togaramennirnir settir hjá, ef ekkert undantekningarákvæði yrði sett þeirra vegna.

Ekki er eðlilegt, að sá kostnaður, sem af þessu leiðir, verði greiddur úr sjóðnum af iðgjöldum þeim, er sjóðfélagar greiða eða greidd eru þeirra vegna, og er því gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði kostnaðinn, og má líta svo á, að sú greiðsla sé nokkur viðurkenning af þjóðarinnar hálfu fyrir vel unnin störf þessara manna.

Að öðru leyti þarf bráðabirgðaákvæði þetta ekki skýringar við.

Athugasemdir Tryggva Helgasonar:

Skýring um afstöðu mína til einstakra atriða í frumvarpi til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna, sem ég tel, að ættu að vera á annan veg.

1. Við 5. gr. Um skipun stjórnarinnar tel ég rétt, að ráðherra sá, sem fer með sjávarútvegsmál, tilnefni einn mann í sjóðsstjórnina, en ekki hæstiréttur, þar sem ríkið hefur mikinn veg og vanda af rekstri togaranna.
2. Við 9. gr. Ég lagði til, að sjóðfélagar greiddu 2% af launum sínum í iðgjöld til sjóðsins og ríkissjóður legði fram jafnháa greiðslu á móti, þó ekki af hærri launum en sem svarar 45000 kr. grunnlaunum einstaklings.

Ég áleit, að þótt stofnun lífeyrissjóðsins sé mikið hagsmunamál togarasjómanna og stefni að efnalegu öryggi þeirra, sem gera vilja sér sjómennsku á togurum að lífsstarfi, beri einnig og ekki síður að skoða það sem alvarlega tilraun til að leysa erfitt þjóðfélagslegt vandamál. Þ. e. að greiða fyrir því, að nægilega margir dugandi íslenzkir sjómenn vilji starfa á togurum að staðaldri. Sé því réttmætt, að þjóðfélagið styðji þessa sjóðsstofnun og starfsemi hennar.

Togararnir hafa skilað í land um það bil þreföldum afla fyrir hvern mann, sem á þeim starfar, en önnur fiskiskip og bátar okkar að meðaltali. Þessi fáu skip með um 1200 sjómenn að starfi leggja til afla, sem gefur þjóðinni um það bil þriðja hluta af gjaldeyrstekjunum. Nokkur undanfarin ár hafa ekki fengizt nægilega margir landsmenn til starfa á togurum. Hefur verið reynt að mæta þeim vanda með því að ráða útlenda sjómenn á skipin, og til þess orðið að fórna stórum fjárhæðum árlega í erlendum gjaldeyri. Er slíkt ástand hvorki hagkvæmt eða traust að byggja á til frambúðar rekstur afkastamestu framleiðslutækja landsins, og þeim sem öðrum fremur eru undirstaða þeirra lífskjara, sem þjóðin býr við og vill ekki rýra. Ég álit, að það verði varla á annan hagkvæmari hátt af ríkisins hálfu hjálp til að skapa skilyrði fyrir árangursríkum rekstri togaraflotans, — að nægilega margir duglegir sjómenn vilji leggja fyrir sig sjómennsku á þeim, — en að það leggi til nokkurn hluta af iðgjöldum til lífeyrissjóðsins á sama hátt og gert er til félags- og menningarmála á mörgum sviðum.

3. Við 9. gr. Þá taldi ég rétt, að greiðslutími sjóðfélaga yrði 30 ár, en ekki 35 eins og í frumvarpinu er. Með iðgjöldum, er nema 11% af launum, sem er 1% hærra en t. d. í Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna, en bótagreiðslur hins vegar til muna lægri, virðist, að 30 ára greiðslutími ætti að geta staðizt, en það er sami tími og í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Er líklegt, að vaxtatekjur sjóðsins (4% netto) séu óþarflega varlega áætlaðar, og einnig hugsanlegur hagnaður af úrgöngu sjóðfélaga (þ. e. þeirra, sem greiða í sjóðinn, en hætta störfum, áður en þeir fá bótarétt). Í samræmi við það, að greiðslutími yrði stytur í 30 ár, ætti þá 11. grein um ellilífeyri að breytast þannig, að hann hækki um 2% fyrir hvert starfsár frá 10% af launum eftir 10 ára starfstíma í 50% af launum eftir 30 ára starfstíma eða lengri.

Fylgiskjal.

Guðjón Hansen, cand. act.,
Ásvallagötu 56, Reykjavík.

Reykjavík, 29. september 1957.

Lífeyrissjóðsnefnd togarasjóðmanna, Reykjavík.

Athugun vegna stofnunar lífeyrissjóðs fyrir togarasjóðmenn.

Samkvæmt tilmælum yðar hef ég gert nokkra útreikninga til stuðnings við mat á því, hver iðgjöld þyrftu að verða í fyrirhuguðum lífeyrissjóði fyrir togarasjóðmenn.

Í töflu 1 er miðað við 60 þús. króna árslaun og iðgjaldagreiðslu í 30 ár, þó aldrei lengur en til 60 ára aldurs, enn fremur, að iðgjaldagreiðsla hefjist um leið og starf hefst á togara. Þá er gert ráð fyrir sömu bótagreiðslum og hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með þeirri undantekningu, að réttur til ellilífeyris fáiist við 60 ára aldur í stað 65 ára. Ekki er gert ráð fyrir, að frestun á töku lífeyris eigi sér stað.

Stuðzt er við skýrslu um aldur og starfsaldur 170 togarasjóðmanna í Reykjavík, og upplýsingar um dánar- og örorkuslys togarasjóðmanna eru fengnar úr gögnum Tryggingastofnunar ríkisins.

Reiknað er bæði með 5% og 4% vöxtum.

Þegar frá er talinn barna- og örorkulífeyrir, hefur ekki verið tekið tillit til hinnar sérstöku áhættu, sem fylgir sjómannsstarfinu. Eru iðgjöld því að þessu leyti ofmetin, ellilífeyrir einnig, en makalífeyrir vanmetinn. Um heildaráhrif þori ég ekki að fullyrða.

Skal nú gerð grein fyrir útreikningi hverrar bótagundar fyrir sig.

1. Ellilífeyrir.

Reiknað er með dánarlíkum islenzka karla 1941—1950. Augljóst er af manndauðatölum síðustu ára, að dánarlíkur hafa minnkað stórlega og eiga sjálfsagt eftir að minnka enn. Ekki er ætlað fyrir auknum útgjöldum sjóðsins af þessum sökum.

2. Makalífeyrir.

Gert er ráð fyrir 3 ára aldursmun á hjónum og að 15% sjóðfélaga kvænist ekki. Notast hefur verið við 5% karlatöflur fyrir tvö líf, og eru 5% töflurnar islenzkar, en 4% töflurnar erlendar. Reiknað er með 10% álagi á 5% töflurnar. Mismunandi útkoma stafar því ekki einvörðungu af mismun á vaxtafæti.

3. Barnalífeyrir.

Gert er ráð fyrir, að hlutfall milli árlegrar greiðslu barnalífeyris og heildar-iðgjalda verði svipað og nú er í Lífeyrissjóði barnakennara, þegar undan er skilin

sjómannaáhættan. Á árunum 1947—1953 voru greiddar dánarbætur vegna 29 togara-sjómanna og örorkubætur (örorka 15% eða meiri) voru greiddar 28 mönnum með samtals 823% örorku. Með sömu reynslu og núverandi verðlagi má gera ráð fyrir, að barnalífeyrir úr sjóðnum nemi ca. 250 þús. kr. á ári vegna þessarar sérstöku áhættu. Ekki hefur verið gerð tilraun til að ákveða mismunandi iðgjöld eftir aldri. Þess skal getið, að ofangreindar greiðslur eru miðaðar við, að sjóðurinn hafi starfað um árabil og aldursskipting í honum sé orðin eðlileg.

4. Örorkulífeyrir.

Meðalaldur þeirra 28 öryrkja, sem áður eru nefndir, var 36.2 ár. Reiknað er með örorkulífeyri til þeirra, þar til er réttur á ellilífeyri hefði fengist. Ekki er gert ráð fyrir örorku af öðrum ástæðum. Reiknað er með 1200 iðgjaldsgreiðendum, og mun sú tala varlega áætluð eða laun of lágt áætluð.

Iðgjöld.

Sé gert ráð fyrir, að starf þeirra manna, sem framangreind skýrsla nær til, á togurum hafi verið samfellt, hafa þeir að meðaltali verið 24.3 ára, þegar þeir byrjuðu á togurum. Vafalaust er meðalaldur lægri, en hagnaður sjóðsins af því, að starf er ósamfellt, verður að teljast mjög vafasamur, og er því ráðlegt að miða við 24 ár. Auk þess vex kostnaður ört með hækkandi inngöngualdri, og má því gera ráð fyrir, að meðalkostnaður sé hærri en sem svarar kostnaði af manni á meðalaldri.

Þar eð meðalaldur þeirra, sem fyrstir koma í sjóðinn og þegar hafa starfað lengi, er allmiklu hærri, verða þeir sjóðnum tiltölulega dýrir, þótt þeir fái engin réttindi fyrir liðinn tíma.

Vextir o. fl.

Um vexti er að sjálfsgöðu erfitt að spá svo langt fram í tímann, sem hér er um að ræða. Varla virðist koma til mála að reikna með hærri vöxtum en 5% nettó, enda er ekki gert ráð fyrir, að reksturskostnaður sé tekinn af iðgjöldum, en hann mætti áætla allt að ½% af eignum sjóðsins.

Reiknað er með óbreyttum launum, og er því hvorki reiknað með hækkun vegna stöðubreytinga, verðlagsbreytinga né framleiðsluaukningar. Jöfn árleg hækkun samsvarar nokkurn veginn því, að reiknað sé með lægri vöxtum, þ. e., að nokkur hluti vaxta étist upp af kaupbreytingum. Þegar tillit er tekið til þessa, virðist mér mjög óráðlegt að miða iðgjöld við hærri vexti en 4%.

Sjóðurinn hefur hag af úrgöngum. Sé reiknað með, að 10% iðgjalda komi frá mönnum, sem aldrei fá neitt úr sjóðnum nema endurgreiðslu eigin iðgjalda, og iðgjöld séu 4% af launum frá launþega og 6% frá atvinnurekanda, samsvarar það, að sjóðurinn fái raunverulega 6400 króna ársiðgjald af hverjum þeirra, sem eftir eru. Miðað við 4% vexti og 24 ára meðalaldur (þ. e. nauðsynlegt iðgjald kr. 7963.00) ættu þá iðgjöld til sjóðsins að nema ca. 12½% af launum. Virðist mér þetta vera alger lágmarksiðgjöld miðað við bætur og iðgjaldagreiðslutíma, sem gert er ráð fyrir í töflu 1.

Hér hefur verið gert ráð fyrir svipuðum lífeyrisréttindum og í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (sbr. þó ellilífeyri), en af töflu 1 má sjá, hver áhrif það hefði að miða lífeyri eingöngu við greidd iðgjöld. Mundu þá þeir, sem byrja gamlir, fá hlutfallslega lægri lífeyri, en hinir yngri tilsvarendi hærri, auk þess sem verðlags- og kauplagsbreytingar mundu koma öðruvísi niður.

Breyting á lífeyrisaldri og iðgjaldagreiðslutíma.

Í töflu 2 er sýnt, hver áhrif það mundi hafa á iðgjöld, ef a) réttur til ellilífeyris fengist við 65 ára aldur og b) iðgjaldagreiðslutími væri lengdur í allt að 35 árum.

Hækkun lífeyrisaldursins mundi hafa í för með sér, að þeir, sem eldri eru en 30 ára við inngöngu, mundu öðlast rétt til hærri árslífeyris og greiða iðgjöld lengur en til sextugs. Þetta hefur áhrif á tölurnar í töflu 2. Í aftasta dálki þeirrar töflu er svo sýnt, hver áhrif það hefur að lengja iðgjaldagreiðslutímann í 35 ár, en það hefur þýðingu fyrir alla þá, sem yngri eru en 35 ára við inngöngu í sjóðinn.

Miðað við sömu forsendur og að framan er gert við útreikning iðgjalds samkvæmt töflu 1 mundi iðgjald 24 ára manns lækka úr ca. 12½% í rúm 9%. Eins og áður er tekið fram, tel ég þó þetta iðgjald vera of lágt, einkum með tilliti til væntanlegra kauplagsbreytinga og breytinga á dánarlíkum. Ef ætlunin er að láta lífeyrisgreiðslur breytast með kaupgreiðsluvísitölu, tel ég hyggilegt að ákveða iðgjald 11% miðað við bætur samkvæmt töflu 2 og 35 ára iðgjaldagreiðslutíma. Jafnframt skal bent á það, sem áður er sagt um þá, sem ganga í sjóðinn við stofnun hans.

Að lokum skal vakin athygli á þeirri spurningu, hver skuli vera afstaða sjóðsins til almannatrygginga. Ef sjóðurinn hlýtur viðurkenningu Tryggingastofnunar ríkisins, verður þátttaka þeirra, sem aðeins ná lágri lífeyrisupphæð, þeim lítils eða einskis virði, en hins vegar gera núverandi skerðingarreglur almannatrygginga lífeyri þaðan einskis virði þeim, sem verulegan lífeyri hljóta úr sjóðnum. Ef lögfest yrði, að lífeyrir úr sjóðnum skuli ekki skerða rétt sjóðfélaga til lífeyris almannatrygginga, virðist mér lækkun á bótum sjóðsins og þar með iðgjöldum til hans geta átt sér stað. Slík lækkun yrði þó að fara eftir bótategundum, og einnig yrði að athuga, hvernig lækkun á bótum ætti að fara eftir aldri við inngöngu.

Virðingarfyllt,
Guðjón Hansen.

Tafla 1. Iðgjöld vegna hverrar bótategundar. Ellilífeyrir frá 60 ára aldri, iðgj. í 30 ár.

A. Vextir 5% p. a.					
Aldur við inngöngu	Til ellilíf. kr.	Til makalíf. kr.	Til barnalíf. kr.	Til örorkulíf. kr.	Alls kr.
20	2928.00	1476.00	510.00	466.00	5380.00
24	3619.00	1555.00	510.00	466.00	6150.00
30	4999.00	1687.00	510.00	466.00	7662.00
40	5306.00	1969.00	510.00	466.00	8251.00
50	6000.00	2360.00	510.00	466.00	9336.00
B. Vextir 4% p. a.					
20	4177.00	1862.00	530.00	510.00	7079.00
24	4971.00	1952.00	530.00	510.00	7963.00
30	6487.00	2084.00	530.00	510.00	9611.00
40	6446.00	2390.00	530.00	510.00	9876.00
50	6864.00	2736.00	530.00	510.00	10640.00

Tafla 2. Iðgjöld miðuð við ellilífeyri frá 65 ára aldri. Iðgjaldagreiðsla í 30 ár og (í aftasta dálki) í 35 ár.

A. Vextir 5% p. a.					
Aldur við inngöngu	Til ellilíf. kr.	Til makalíf. kr.	Til barna- og örorkulíf. kr.	Alls kr.	Alls með iðgj. í 35 ár kr.
20	1796.00	1476.00	1014.00	4286.00	4050.00
24	2220.00	1555.00	1014.00	4789.00	4531.00
30	3065.00	1687.00	1014.00	5766.00	5472.00
40	4222.00	1927.00	1014.00	7163.00	7163.00
50	4496.00	2185.00	1014.00	7695.00	7695.00
B. Vextir 4% p. a.					
20	2655.00	1862.00	1089.00	5606.00	5234.00
24	3161.00	1952.00	1089.00	6202.00	5799.00
30	4125.00	2084.00	1089.00	7298.00	6848.00
40	5240.00	2295.00	1089.00	8624.00	8624.00
50	5237.00	2455.00	1089.00	8781.00	8781.00